

SKÓLANEFND STYKKISHÓLMS

142. fundur. Haldinn fimmtudaginn 22.október 2015 kl. 17.00 í Grunnskóla Stykkishólms

Nefndarmenn: Ásmundur Guðmundsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jón Einar Jónsson ritari, Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir, Magda Kulinska.

Skólastjórar og trúnaðarmenn: Gunnar Svanlaugsson (skólastjóri GSS), Berglind Axelsdóttir (aðstoðarskólameistari GSS), Sigrún Þorsteinsdóttir (skólastjóri LSS), Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir (fulltrúi starfsfólks GSS), Sólbjört Gestsdóttir (fulltrúi starfsfólks LSS).

Áheyrnarfulltrúar foreldrafélaga: Agnes Helga Sigurðardóttir fulltrúi foreldra LSS. Fjarverandi var fulltrúi foreldra GSS, Ingunn Sif Höskuldsdóttir.

Dagskrárliðir

1. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU SKÓLASTJÓRA LEIKSKÓLA STYKKISHÓLMS

18:07- 18:40

1. Ráða þurfti nýjan starfsmann í leikskólann vegna óvæntra veikinda og var Edda Baldursdóttir ráðin í 100% stöðu í 3 mánuði (tímabundin ráðning). Nokkuð hefur verið um veikindi starfsmanna í haust og þurfti að bregðast við manneklu með skömmum fyrirvara.
2. Ljósmyndarinn kom og tók myndir, bæði einstaklingsmyndir og hópmyndir. Ljóst er að yngstu börnin eru kannski ekki tilbúin í svona myndatökur.
3. Á skipulagsdegi fórum við í 4 leikskólaheimsóknir þar sem við sáum ýmsar nýjungar sem við komum til með að nýta okkur. Oft er erfitt um vik að fara í heimsóknir eða sækja námskeið sökum tímasetninga og fjarlægða. Enn vantar að ráða starfsmann í Félags- og skólaþjónustuna sem sér um málefni leiksskólana á Snæfellsnesi og myndi m.a. liðsinna við svona mál.
4. Talmeinafræðingur kom hér 20. okt og kemur tvær ferðir í viðbót fyrir jól. Fengin var aukaferð vegna fjölda barna sem þurfa á einhverskonar greiningum talmeinafræðings að halda. Málþroskafrávik eru t.d. framburður, seinfærni til máls. Talmeinafræðingur gerir greiningar og gerir skýrslu en vinnan með viðkomandi barni, eftir á, er í höndum starfsmanna leikskólans. Nokkur umræða varð um tvítyngi í kjölfar þessa.
5. Undirbúningur vegna Skólaþings FSS og skólastofnana á Snæfellsnesi er á fullu og það fara allir starfsmenn leikskólans sem koma að námi barnanna, um 20

manns. Skólaþingið verður haldið að Klifi í Ólafsvík 2. Nóvember. Sérstök áhersla verður á málefni innflytjenda.

6. Í vetur er áætlað að vinna að skólastefnu og eins að klára skólanámsskrá leikskólans.
7. Foreldrafélagið er að undirbúa fyrsta fund vetrarins. Skoðað hefur verið að sameina foreldraráð og foreldrafélagið undir hinu fyrrnefnda.

2. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU SKÓLASTJÓRA GRUNNSKÓLA STYKKISHÓLMS.

17:00 -18:06

1. Áherslupunktur í október (Gunnar Svanlaugsson)

- Söngsalur nemenda og starfsfólks
 - Söngsalur er orðinn að föstum lið á breytilegum tímum innan stundaskrár.
- Danssýning
 - Var með hefðbundnu sniði undir stjórn Jóns Péturs danskennara.
- Námsstefnur stjórnenda a) Reykjanesbæ b) Akureyri
 - Berglind sótti námstefnu um Byrjendalæsi á Akureyri til undirbúnings innleiðingu á þessari kennsluaðferð frá og með hausti 2016. Skiptar skoðanir eru um málið í þjóðfélaginu í kjölfar útkomu í samræmdum prófum hjá fyrsta árgangi sem fékk þessa kennslu, þ.e. þeir nemendur stóðu sig ekki betur en þeir nemendur sem voru í hefðbundnu lestrarprógrammi. Nokkrar umræður spunnust um málið. Fundurinn á Akureyri varð ekki til þess að afgerandi niðurstaða fengist um framhaldið innan GSS. Ekki er endilega ástæða að festast í einni aðferð við lestrarkennslu á þessu stigi.
 - Gunnar fór sama dag á fund Skólastjórafélags Íslands fundaði í Reykjanesbæ.
- Bekkjar – og einstaklingsmyndir
 - Myndir teknar af öllum og foreldrar hafa val um kaup á myndum, sama snið er á þessu og síðustu ár.
- Brunaæfing föstudaginn 23. október kl. 8:15
 - Brunaæfing er höfð á hverju hausti. Farið er yfir viðbrögð við svipsettum eldsvoða, nemendur læra að þekkja hljóðið frá skólabjöllu, tíminn er fyrirfram

ákveðinn. Æfingin fer fram í samstarfi við slökkvilið Stykkishólms. Starfsfólk sem vanalega mætir eftir hádegi mætir sérstaklega til æfingarinnar um morguninn.

2. Spjaldtölvur í skólastarfi GSS (Berglind Axelsdóttir)

Punktur um spjaldtölvunoktun. Engir nemendur skólans eru fæddir fyrir tíma internets og farsíma. Til eru 23 spjaldtölvur (ípad) í skólanum. Flest allir nemendur og kennarar eru jákvæðir fyrir þessari nýju tækni. Berglind las upp punkta um tilganginn með notkun spjaldtölva. M.a. auka tækin fjölbreytni í kennslu, auðvelda að einblína á nemandann og einstaklingsmiðað nám, einnig sparar þetta pappírnotkun. Dæmi um námsefni eru m.a. að 3.-10. bekkur lærir m.a. forritun og nemendur gera sjálfir myndbönd í samfélagsfræði og náttúrufræði. Nefnd voru dæmi um forrit og verkefni, m.a. í tungmála- og stærðfræði. Berglind notar þessa tækni í hópavinnu, þannig að 4 nemendur eru um hvern ípad sem einn hópur, og dreifast því tækin 23 betur milli bekkja. Dæmi eru um eldri nemendur noti eigin tæki í einstaka tilfellum og hefur það tekist vel. Vonir skólans eru að eignast fleiri spjaldtölvur og auka möguleika á notkun þeirra í kennslu. Nefndarmenn spyrja um ákveðin tilvik þar sem nemendur hafa ekki verið með tæki en þurfa þau til að vita hvaða verkefni á að vinna.

3. Jafnréttisvika GSS (Berglind Axelsdóttir)

Jafnréttisáætlun fyrir 2014-2017 var unnin veturinn 2014-2015. Ein vika er helguð efninu, nefnd jafnréttisvika. Yngstu bekkirnir vinna með barnasáttmála SÞ. Í 9. og 10. bekk var hópavinna um ákveðin þemu og tölulegar upplýsingar þeim tengd.

4. Önnur mál (Gunnar Svanlaugsson)

Vinna stendur yfir við Fjárhagsáætlun. Verið er að skoða hvort hægt verði að kaupa 20 nýjar tölvur á næsta ári fyrir tölvuvagninn en þar eru núna 20 tölvur.

Nýtt skólaráð fundaði 21. október og ræddi m.a. um skólastefnu. Skólaráð er talið upp á heimasíðu Grunnskólans, en þar sitja fulltrúar foreldra, nemenda og foreldra.

Ráðstefna 2. nóvember í Klifi, Menntaþing.

Spurt var um samkenndu 3. (12 nemendur) og 4. bekkjar (6 nemendur), sem er að ganga vel að mati skólastjóra. Farið verður betur yfir málið á næsta fundi nefndarinnar.

Fylgt var eftir umræðum um launatöflu frá síðasta fundi. Ein staða var áður 26 stundir en nú má semja um færri tíma (t.d. 24 stundir) ef kennari tekur að sér teymisvinnu til að fylla upp í 26 stundirnar. Vandræði hlutust í haust af Mentor, sem hefur ekki verið uppfærður til að gera ráð fyrir breyttu vinnumatskerfi. Því urðu mistök við

launaútreikninga sem kostaði vinnu að leiðrétta. Þetta var fært til betri vegar í samstarfi við launafulltrúa Stykkishólmsbæjar.

Berglind fór af fundi 18:10 og Magda kl. 18:30

3. PUNKTAR FRÁ NEFNDARFORMANNI

Vinna stendur yfir við endurskoðun skólustefnu og hefur verkefnisstjórinn Ingvar Sigurgeirsson fundað einu sinni með skólastjórum og formönnum skólanefnda. Bæjarráð mun skipa teymið á fundi sínum 22. október.

Minnt á Menntaþingið í Ólafsvík 2. nóvember.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 26. nóvember í Leikskóla Stykkishólms, kl. 16:30

Fundi slitið kl. 18:48.

Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi (sign)

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, (sign)

Jón Einar Jónsson fulltrúi (sign)

Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir fulltrúi (sign)

Magda Kulinska fulltrúi, (sign)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, (sign)

Berglind Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri grunnskólans, (sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, (sign)

Agnes Helga Sigurðardóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskólans, (sign)

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskólans, (sign)

Steinunn I. Magnúsdóttir, fulltrúi starfsfólks grunnskólans, (sign)